

# Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

## Ársskýrsla 2011

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Félagsmenn eru 64 talsins. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Þjóðskrá Íslands)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, meðstjórnandi (Skýrr/Advania)
- Stefán Þór Stefánsson, meðstjórnandi (TM Software/LS Retail)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Á Facebook-síðu faghópsins eru 62 meðlimir.

## Störf faghópsins á árinu

Haldnir voru sex stjórnarfundir á árinu 2011 þar sem skipulagðir voru tveir hádegisfundir.

1. Undirbúningur og skipulagning hádegisfundar 2. mars; „Leitarvélar“. Fundinum var ætlað að svara þeirri spurningu hvort vefstjórar og aðrir sem setja efni á vef geti haft áhrif á það hversu auðveldlega efnið finnst í leitarvélum á netinu. Á fundinn mættu tæplega 66 manns.
2. Undirbúningur og skipulagning hádegisfundar 8. nóvember; „Frá vöggu til grafar“. Útgangspunktur fundarins var sá að opinber þjónusta á Íslandi hefur um langt skeið fengið lága einkunn í innlendum og erlendum könnunum og vorum við til dæmis meðal þeirra neðstu í nýlegri könnun sem ESB lét gera. En hvað segja notendur? Er þeirra upplifun í samræmi við niðurstöður kannana? Faghópurinn ákvað að kanna málið. Á fundinum fluttu nemendur úr HR niðurstöður eigin greininga á opinberri þjónustu, kennari þeirra tók saman niðurstöðurnar og bar saman við kannanir, notendur sögðu reynslusögur og að lokum var reynt að draga saman heildarmyndina og varpa ljósi á raunveruleikann. Á fundinn mættu 55 manns.

## Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar að Ský fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 11. apríl 2012

Halla Björg Baldursdóttir